

Alþingi
Erindi nr. B 120/1412
komudagur 15/4 1996



Vinnuálagssambandið

Grensásvegi 16 · Pósthólf 8096 · 128 Reykjavík · Sími 568 6855 · Símbref 568 1284

**Umsögn um
frumvarp til laga
um breyting á lögum nr. 80/1938
um stéttarfélag og vinnudeilur
með síðari breytingum**

Sá sem festir þessa umsögn á blað fyrir hönd Vinnuálagssambandsins var í þeim vinnuhópi um samskiptareglur á vinnumarkaði sem lagði grunn að mörgu sem í frumvarpi þessu felst. Hann mun gæta þess trúnaðar sem ætlast verður til af þeim sem sitja í nefndum þar sem tekist er á um ólíka hagsmuni. Oft er ýmsu kastað fram sem ekki verða hin endanlegu viðhorf viðkomandi manns og verða menn að geta treyst því að það sé ekki borið á torg. Hins vegar verður hér á eftir vitnað í ýmislegt sem eftir ítarlegar umræður virtist vera sæmileg sátt um. Hér að eftir verður persónufofnafnið "við" oft notað. "Við" er sá sem hér stýrir penna ásamt þeirri baknefnd innan Vinnuálagssambandsins sem var honum til ráðuneytis. Það útilokar þó ekki að fleiri hafi verið sama sinnis í fleiri eða færri tilvikum og er þess ekki getið sérstaklega. Þessi umsögn verður óvenjuleg að því leyti að farið er langt út fyrir efni þess frumvarps sem verið er að ræða um. Bæði er það vegna aðdragandans og eins hins að umræða um frumvarpið hefur staðið lengi og ekki verður hjá því komist að fjalla um ýmislegt sem þar hefur komið fram.

Þegar samskiptanefndin tók til starfa haustið 1994 var hennar fyrsta verkefni að fara yfir stöðu mála og ræða hverju þyrfti að breyta til þess að ná settum markmiðum hverju sinni. Jafnframt var fljótlega hafist handa um að afla upplýsinga um hvernig staðið væri að málum í nokkrum öðrum tilgreindum löndum. Í meginatriðum voru þau lönd þannig valin að góður árangur hafði náðst í kjaramálum. Gengið var út frá því sem gefnu að samhengi væri milli þeirra aðferða sem beitt væri og þess árangurs sem næðist. Við vorum samþykkir þessari nálgun þar sem vinnuveitendur hafa ekki á móti því að greiða há laun. Þeir eru aftur á móti á móti því að greiða hærri laun en atvinnulífið stendur undir á hverjum tíma. Í því felst meðal annars að atvinnulífið hafi tekjuafgang til þess að fjárfesta í framförum og að fjármagn sem lagt er í atvinnulífið skili arði. Frá þeirra sjónarmiði er því mikilvægt að samstarf takist milli launþega og vinnuveitenda um þær aðferðir sem hægt er að beita til þess að ná betri árangri, og þar með að

greiða hærri laun. Launin virðast vera hæst þar sem samstarfið er best. En gott samstarf breytir ekki því að samskiptaramminn þarf í meginatriðum að vera festur í lög.

En þrátt fyrir ofanefnda skoðun þótti rétt að skoða ástandið annars staðar, til dæmis á Nýja-Sjálandi þar sem nýlega hefur verið breytt um stefnu á mörgum sviðum, meðal annars um samskipti á vinnumarkaði. Sú athugun leiddi ekki til þess að neitt fyndist sem samstaða gæti náðst um að væri til eftirbreytni og var ekki til frekari umræðu. Eftir því sem lengra leið á starf vinnuhópsins varð Danmörk ofar á baugi.

Í fyrsta lagi eru lífsskjör þar góð. (Lífsskjörin eru góð þó að tekið sé tillit til þess að allur alþjóðlegur samanburður er erfiður, ekki síst vegna mismunandi gengisskráningar, en líkur benda til að laun í Danmörku séu nú í herra lagi vegna þess að gengi dönsku krónunnar er mjög hátt skráð.)

Í öðru lagi virðast Danir eiga auðveldara en margir aðrir að ná fram þeim markmiðum sem að er stefnt í kjarasamningum.

Í þriðja lagi næst oftast nær samkomulag án þess að komi til vinnustöðvunar. Það er mjög mikilvægt því að vinnustöðvanir rýra kjörin þegar til lengri tíma er litið. Það þýðir ekki að vinnustöðvanir geti ekki átt rétt á sér, en það verður að beita þeim af gát. Það sem einkennir danska fyrirkomulagið fyrst og fremst er áætlun um hvernig skuli staðið að samningum og svokölluð tengingareglan, sem heimilar að borin sé fram ein miðlunartillaga fyrir alla sem eiga eftir að semja á ákveðnum tímamarki.

Í upphaflegum umræðum um vankanta á því skipulagi sem hér er notast við kom fljótt fram hjá vinnuveitendum að vandkvæðin væru meðal annars:

1. Gerð kjarasamninga tæki alltof langan tíma.
2. Einstök félag héldu að sér höndum þangað til aðrir hefði lokið samningum og freistuðu þess að fá meira í sinn hlut en aðrir.
3. Reglur skorti um samningsumboð, en það hefur oft leitt til þess að ekki hefur legið ljóst fyrir við hverja væri verið að semja.
4. Einstakir hópar launamanna hjá sama fyrirtæki hafa staðið í samningum, og jafnvel efnt til vinnustöðvunar, hver á eftir öðrum, og valdið þannig óróa í lengri tíma og ómældu tjóni.
5. Verkföll hafa verið boðuð án þess að verulega hafi reynt á hvort samningar gætu tekist, jafnvel áður en allar kröfur hafa verið lagðar fram.
6. Erfitt hafi verið að marka og vinna eftirheildarstefnu í kjaramálum.
7. Það er ekki í takt við tímann að skikka menn til þess að vera í stéttarfélagi.

Hér á eftir verður hvert þessara atriða tekið fyrir sérstaklega.

1. Gerð kjarasamninga tekur of langan tíma

Eftir langar og ítarlegar umræðum, má segja að samkomulag hafi verið í vinnuhópnum um að taka upp viðræðuáætlun, að danskri fyrimynd, sem tryggði að allir kæmu að samningum allöngu áður en samningar falla úr gildi. Rætt var um þrjá mánuði, en frumvarp það sem hér liggur fyrir gerir ráð fyrir tíu vikum. Í álitni formanna landssambanda ASÍ frá 07.03.1996 er fallist á viðræðuáætlun svo að um þann þátt ætti að geta verið sæmileg sátt. Formennirnir lögðu að vísu til að um viðræðuáætlun næðist sátt milli aðila, en hún yrði ekki felld í lög. Það hlýtur að telja fremur formsatriði en efnisatriði. Þar að auki dugar ekki að sátt náist milli ASÍ og landssambanda þess annars vegar og vinnuveitenda á almennum vinnumarkaði hins vegar. Slík sátt þarf að ná yfir allan vinnumarkaðinn, en flestum er ljóst að slík sátt verður ekki gerð við núverandi aðstæður. Það er því ákveðin skoðun okkar að ekki verði hjá því komast að lögfasta ramma að viðræðuáætlun. Í frumvarpinu er svo ráð fyrir gert að innan ytri rammans hafi samningsaðilar viðtækt frelsi til að haga málum eftir eigin óskum og aðstæðum á hverjum tíma. Á þá aðferð felst Vinnumálasambandið.

Síðan var rætt um hvernig hverri samningalotu þyrfti að ljúka. Fljótlega kom þar að staðnæmst var við dönsku tengingarregluna, sem gerir ráð fyrir að á ákveðnu stigi megi leggja fram sameiginlega sáttatillögu fyrir alla hópa sem þá eiga eftir að semja. Sameiginleg sáttatillaga væri ekki lögð fram fyrr en samningsaðilum hefði gefist færi á að knýja á um gerð kjarasamninga eftir öðrum leiðum, svo sem með verkfalli. Búast má við að sameiginlegri sáttatillögu yrði beitt tveimur til þremur mánuðum eftir að kjarasamningar falla úr gildi, eða ca. fimm mánuðum eftir að samingaugmleitunar hæfust. Það er langur tími og þó miklu skemmri en nú tíðkast, þar sem meira og minna er staðið í samningum meirihluta þeirra tveggja ára sem kjarasamningar hafa yfirleitt gilt að undanfögnu.

Í frumvarpinu er ekki aukið við þær heimildar sem sáttasemjari hefur nú þegar í lögum til þess að bera fram og fylgja eftir miðlunartillögu. Hins vegar er skýrar og skipulegar kveðið að og er það til bóta. Hins vegar er sáttasemjara ætlað stærra hlutverk en áður í að leiða menn saman til samninga og að tryggja að allir eigi þess kost að taka þátt í samningaugmleitunum samtímis. Þetta verður engan veginn til þess að auka völd hans við gerð kjarasamninga, en verkefni hans eykst til muna. En ástæðan fyrir því að sáttasemjara er ætlað að koma að verkstjórn, sem ekki er beint á sviði sáttastarfs, er að hann og hann einn hefur öll nauðsynleg gögn í höndum. Samkvæmt núgildandi lögum eiga honum að berast tilkynningar um alla samninga sem gerðir eru. Þar með hefur hann upplýsingar um alla samninga

sem eru í gildi og hvenær samningar falla úr gildi og getur þá tryggt að viðræður um endurnýjun hefjist. Hér verður fallist á að það sé hagkvæmt og rökrétt að þetta verkefni sé í höndum sáttasemjara.

2. Einstök félög halda að sér höndum

Það hefur verið áberandi að einstök stéttarfélög hafa ekki þrýst á um gerð kjarasamninga, og vinnuveitendur þeirra ekki heldur, fyrr en eftir að aðal-kjarasamningar hafa verið gerðir. Þegar að lokum er svo gengið til samninga þykir sjálfsagt að samið sé um það sem aðrir eru búnir að fá og svo komi nokkur prósent til viðbótar. Oft er þarna um að ræða hópa sem tiptölulega auðvelt eiga með að ná fram kröfum sínum með verkföllum vegna aðstöðu sinnar og þess skaða sem verkföll geta valdið, til dæmis á sviði samgangna og viðar. Þetta á þátt í að launamunur hefur vaxið að undanförmu, án þess að vitandi vits væri að því stefnt. Það er oftast nær lágláunahóparnir sem semja fyrstir, og þeir sem hafa hærra laun koma á eftir. Með hugmyndinni um viðræðuáætlun er svo er ráð fyrir gert að allir standi í samningum samtímis og samningum ljúki annað hvort með samningum eða miðlunartillögu sem gildi jafnvel fyrir alla sem ósamið eiga. Þannig væri komið í veg fyrir að þeir sem betur eru settir geti klifrað upp eftir bakinu á hinum. Því er ekki að leyna að þegar fram í sótti kom fram sú skoðun innan hópsins að þetta þrengdi um of að verkfallsréttinum.

Eftir atvikum er rétt að koma hér að umræðum um verkfallsréttinn. Þegar í upphafi starfs vinnuhópsins kom fram að verkfalli væri hægt að beita á tvennan hátt: Annars vegar sem neyðarrétti, en hins vegar sem ofbeldisaðgerð. Rétt er að taka það fram að þessi skilgreining kom ekki fremur fram í hópi vinnuveitenda. Rætt var um að neyðarréttinn mætti ekki skerða en æskilegt væri að hægt væri að tryggja að ekki gæti komið til ofbeldisaðgerða í formi vinnustöðvana, eða í skjóli þeirra. Eftir því sem leið á startið kom þó æ omtar fram að eritt væri að skeroa verkfallsretunn an þess að skeroa neyðarréttinn um leið. Engu að síður lítum við svo á að vilji væri fyrir því að linna asættanegar leiðir. Sú leið að geta færi á þrýstingi, meðal annars í formi vinnustöðvunar, áður en gripið er til sameiginlegrar miðlunartillögu virðist okkur vera asættanæg.

Í tengslum við þessa umræðu kom það skýrt fram af hálfu vinnuveitenda að nauðsynlegt væri að setja í lög að óheimilt væri að semja um að fallið væri frá kærur vegna lögbrot, sem framin væru í skjóli verkfalla. En mörgum samningum hefur lokið þannig að fallist hefur verið á að láta kærur falla niður. Það er mjög óheppilegt að semja um lögbrot, og hvetur það fremur til þeirra en letur. Í frumvarpinu er ekki tekið á þessu máli og er það miður.

3. Reglur um samningsupboð

Innan vinnuhópsins varð samkomulag um hvernig samningsumboði skyldi hagað og settur saman texti þar að lútandi. Þessi texti kemur fram í frumvarpinu á fullnægjandi hátt.

4. Vinnustöðvanir margra hópa á sama vinnustað

Af hálfu vinnuveitenda kom fram ákveðin krafa um að lausn myndist á því þegar starfsmenn margra stéttarfélaganna vinna á sama vinnustað, en stéttarfélögin geta boðað verkfall hvert á fætur öðru. Almennt tekur frumvarpið ekki á þessum vanda og er það miður. Hér verður því lagt til að skoðað verður nánar hvort ekki er hægt að taka inn í frumvarpið ákvæði sem lúti að þessu.

Í vinnuhópnum var mjög rætt um vinnustaðasamninga, meðal annars til þess að ráða bót á þessu. Í upphafi kom fram verulegur áhugi á að opna möguleika á að taka upp vinnustaðasamninga. Sá áhugi minnkaði þó eftir því sem fleiri upplýsingar bárust um reynsluna af þeim. Sennilega hefur valdið mestu um að áhugi dvínaði að svo virðist sem veruleg hættu sé á að í kjölfar vinnustaðasamninga verði starfsfólk fjölda smærri vinnustaða ekki með neina samninga. Starfsfólk stærri fyrirtækja skipuleggi sig í sérstöku félagi eða sem deild í stærra félagi, en starfsfólk fámennra fyrirtækja nái ekki að skipuleggja sig og verði útundan. Það fór því svo að í vinnuhópnum féll niður umræðan um vinnustaðasamninga og var ekki tekið upp neitt ákvæði þar að lútandi í þau drög að frumvarpi sem rædd voru í nefndinni fyrri hluta janúarmánaðar.

Með tilliti þessa kom það mjög á óvart að í því frumvarpinu, sem hér er til meðferðar, er gert ráð fyrir heimild til þess að stofna vinnustaðafélög. Nú er það ljóst að höfundar frumvarpsins hafa hlustað mjög eftir gagnrýnisröddum verkalýðshreyfingarinnar áður en þeir settu tillögur á blað. Eina sýnilega tilefnið til þess að taka þetta ákvæði upp er að finna í álitum formanna landssambanda ASÍ frá 07.03. 1996, en þar segir svo í fjórðu grein: "Í rammisamningi þarf að kveða á um möguleika einstakra aðila á því að ákvarða nánar hvernig samningssviði er skipt upp á einstaka hópa sem fara með samninga hverju sinni. Hér getur verið um að ræða heildarsamtök, landssambönd, svæðasambönd, einstök verkalýðsfélög, einstaka starfsgreinahópa innan verkalýðsfélags og **starfsfólk einstaks fyrirtækis.**" Þarna virðist ótvírætt vera gert ráð fyrir að starfsfólk einstaks fyrirtækis geti skipulagt sig sérstaklega og komið sjálfstætt að kjarasamningum. Það kemur því mjög á óvart að nú virðist þetta ákvæði vera mörgum innan landssambandanna þyrnir í augum, umfram flest annað í frumvarpinu.

5. Vinnustöðvun án þess að reynt hafi á samningsvilja

Við lögðum mikla áherslu á að ekki ætti að vera unnt að boða vinnustöðvun, fyrr en samningaleiðin hefði verið þrautreynd. Þegar fyrir lægi að ekki yrði lengra komist án vinnustöðvunar kæmi til kasta félagsmanna viðkomandi stéttarfélags sjálfra að meta hvort árangurinn væri fullnægjandi eða boðað skyldi til vinnustöðvunar með viku fyrirvara. Jafnframt lögðum við til að til þess að gætt væri fulls jafnræðis gætu báðir aðilar frestað verkfalli um stund. Það gæti sáttasemjari einnig gert ef honum litist svo að samningar væru að nást. Hugmyndin að baki því að báðir samningsaðilar gætu frestað vinnustöðvun er að koma í veg fyrir að annar samningsaðili geti valið sér tíma sem er sérlega óheppilegur fyrir hinn. Í frumvarpinu er ekki tekið tillit til þessara sjónarmiða.

Rétt er hér að taka fram að með því að félagsmenn taka afstöðu til vinnustöðvunar með viku fyrirvara, þegar talið er þrautreynt að samningar náist ekki nema með auknum þrýstingi, er ekki verið að fara þá leið sem lögfest er um samninga við opinbera starfsmenn. Þar er atkvæðagreiðsla meðal félagsmanna um vinnustöðvun á ákveðnum ófrávíkjanlegum degi langt fram í tímann, án þess að nokkuð sé vitað hvernig staða mála verður þá. Ástæða er til að ætla að sá sem greiðir atkvæði um vinnustöðvun með mánaðarfyrirvara hafi þá von að ekki komi til vinnustöðvunar, en sá sem greiðir atkvæði þegar viðræður eru komnar í strand gerir sér væntanlega fulla grein fyrir alvörunni.

Þó að ekki sé komið að fullu á móts við ofangreind sjónarmið í frumvarpinu verður það látið kyrrt liggja hér. Hins vegar verður gerð breytingatillaga við niðurlagsgrein 4. gr. um 15. grein laga um stéttarfélög og vinnudeilur í sérstökum kafla um breytingartillögur.

6. Erfitt hefur reynt að móta heildarstefnu í kjaramálum

Ástæða er til að ætla að úr þessu sé all nokkuð bætt með viðræðuáætlun, samtímissamningum og möguleikum á sameiginlegri sáttatillögu. Það fer varla hjá því að ákveðnir þættir verði sameiginlegir þegar þannig er staðið að verki. Hins vegar ná þessi ákvæði alls ekki að tryggja að fram komi skipulögð kjarastefnu til lengri tíma, en það teljum við nauðsynlegt í nútímapjóðfélagi.

7. Ekki hægt að skikka menn til þess að vera í félagi

Vinumálasambandið telur að sterk og framsækin launþegahreyfing sé vænlegasti kostnaðurinn til þess að ná góðum árangri í samvinnu við samtök vinnuveitenda varðandi lífskjör almennings og trausta stöðu fyrirtækja.

Þetta viðhorf byggir á því að skilningur skapist milli launþega og vinnuveitenda um hvernig þurfi að vinna saman í því efnahagssumhverfi sem við erum nú að verða þátttakendur í. Í trausti þess að svo verði innan tíðar höfum við síst lagt áherslu á að losað verði um hömlur varðandi félagsaðild að stéttarfélögum. Okkur er þó full ljóst að þróunin er sú að hver maður ráði því sjálfur hvort hann gengur í stéttarfélag eða ekki. Vert er að benda á að Sérfræðinganefnd Evrópuráðsins sem fjallar um félagsmálasáttmála Evrópu hefur lengi gert athugasemd við þá skylduáðild að stéttarfélögum, sem hér viðgengst.

Innanfélagsmál

Innanfélagsmál er að okkar skilningi það sem snertir eingöngu félagið sjálft og félagsmenn í tengslum þeirra við félagið. Ekki verður fallist á að það sé innanfélagsmál hvernig staðið að samningum, samningsgerðinni sjálfri og staðfestingu samninga. Allt slíkt lítur að samskiptum við aðra, sem hljóta að geta gert kröfu til þess að með þetta sé farið á samræmdan lögformlegan hátt. Þess vegna teljum við að óhjákvæmilegt sé að lögfesta ramma um hvernig staðið er að undirbúningi samninga, samningunum sjálfum og lokum þeirra, þar á meðal atkvæðagreiðslu. Þar með föllumst við á þær verklagsbreytingar sem lagt er til að verði hjá vinnuveitendum. Hitt er meira álitamál hvort tillagan um vinnustaðasamninga snertir innri mál félaga og verður það látið liggja milli hluta hér.

Framan af starfi vinnuhópsins snerust umræður mikið um að lögfesta þetta og lögfesta hitt. Þegar á leið snerist þetta í það að ýmislegt þyrfti að lögfesta, til dæmis það sem snerti störf sáttasemjara, en öðru mætti ná fram með samningum milli félagsheilda. Af okkar hálfu var það alltaf haft í huga að ekki mætti haggja við neinu sem snerti innri málefni félaga, hvorki stéttarfélaga né félaga atvinnurekenda. Það er okkar skoðun að ekki hafi verið farið yfir mörkin í neinu því sem kom frá vinnuhópnum. Í tillögum formanna landssambanda innan ASÍ um breytingar á skipulagi samtaka vinnuveitenda er aftur á móti augljóslega farið langt yfir mörkin, en það breytir engu, enda lengi vitað að mönnum reynist erfitt að vera sjálfum sér samkvæmir.

Umræðan

Umræða um þetta frumvarp hefur staðið lengi, alveg frá því að vinnuhópurinn lét frá sér fara áfangaskýrslu þann 22. nóvember, og þó fyrst og fremst frá því að fyrstu drög að frumvarpi voru lögð fram í ársbyrjun. Það hefur því ekkert skort á að menn hafi haft nægan tíma til þess að fjalla um málið. Það var heldur ekki skynsamlegt að fresta þeirri umræðu þar sem alveg frá hausti var vitað að stefnt var að því að lögfesta það sem þyrfti að festa í lög

áður en þingi lyki í vor. Ekki verður hjá því komist að fara um það orðum um hvað umræðan hefur snúist.

Í fyrsta lagi hefur umræðan snúist um að rangt hafi verið að málum staðið, menn hafi ekki fengið nægan tíma til að skoða málið. Þetta stenst ekki vel þar sem málið hefur verið í undirbúningi frá því á haustdögum 1994. Hafi einhverjum verið ókunnugt um gang mála hlýtur það að stafa af því að hann hafi ekki borið sig eftir að fylgjast með, eða ekki fengið upplýsingar frá sínum mönnum. Það er ekki mjög drengilegt að kenna öðrum um slíkt. Þess má svo geta að líkast til hefði mátt einu gilda hvernig málið hefði borið að, alltaf er hægt að segja að það hafi borið rangt að.

Í öðru lagi hefur umræðan snúast um að í frumvarpinu felist afskipti af innri málefnum stéttarféлага og að það eigi að "lögþvinga" verkalýðshreyfinguna í stað þess að aðilar vinnumarkaðarins semji um samskiptareglur sín á milli. Áður hefur verið fjallað um afskiptin af innri málefnum, en um hitt er það að segja að það er ekki á valdi einstakra stéttarféлага eða sambanda og einstakra samtaka vinnuveitenda að semja um samskiptareglur sem gildi um allan vinnumarkaðinn. Það er út í hött að ASÍ semji við VSÍ/VMS um reglur sem gildi fyrir Farmanna- og fiskimannasambandið, svo að dæmi sé tekið. Slíkar reglur verða ekki settar nema með lögum frá Alþingi sem gildi fyrir alla. Eðlilegt og sjálfsagt er að stærstu samtök á vinnumarkaði komi að undirbúningi laga, eins og hér hefur verið gert og hafi samráð við önnur félög sem málið varðar. Margt af því sem í frumvarpinu stendur er í fullu samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins. Ágreiningurinn er um lögsögu Alþingis yfir verkalýðshreyfingunni. Margir vilja líta verkalýðshreyfinguna sömu augum og miðaldakirkjan leit á sjálfa sig, að hún standi ofan við og utan við jarðnesk lög, allt sem henni viðkemur sé heilagt. Spurning er hvort Alþingi vill beygja sig fyrir þessu sjónarmiði, eða hvort það telur að verkalýðshreyfingin eigi að lúta sömu lögmálum og aðrir.

Í þriðja lagi snýst umræðan um nokkur afmörkuð atriði, svo sem hvernig staðið skuli að atkvæðagreiðslu. Það er allt umræðu virði og getur verið eðlilegt að breyta ýmsu. En til þess að breyta verður að ræða málin hleypidómalaust. Nær væri að skoða þessi mál frekar, í stað þess að hafna frumvarpinu í heild á þeirri forsendu að í því sé eitthvað sem þurfi að breyta.

Í fjórða lagi er því haldið fram að þegar frumvarpið var lagt fram hafi viðræður verið í fullum gangi milli ASÍ og vinnuveitenda. Þetta er rangt. Eftir fund formanna landssambanda ASÍ 8. og 9. febrúar lögðu vinnuveitendur ríka áherslu á að fá tillögur formannanna skriflega. Þær voru loksins lagðar fram heilum mánuði síðar, föstudaginn 8. mars (dags. 7.3.). Sameiginleg andsvör vinnuveitenda með spurningum um hvort formennirnir væri reiðubúnir til þess að vinna að málinu á ákveðinn hátt, meðal annars

með lagasetningu voru lagðar fram mánudaginn 11. mars. Viðræðum á þessum grunni var hafnað samdægurs í símtali við VSÍ, en ákveðið að koma saman til fundar til þess að slíta viðræðum formlega. Á þeim fundi var upplýst að félagsmálaráðherra hefði kynnt frumvarpsdrög fyrir nokkrum þingmönnum stjórnarflokkanna. Einhverjir notfæra sér það sem tilefni til þess að segja að á því hafi viðræður slitnað. En það er alrangt. Þar að auki og er það náttúrulega fáheyrt að ráðherra megi ekki bera væntanleg þingmál undir þingmenn og felst í því ótrúleg fyrirlitning á Alþingi.

Breytingartillögur

Hér verður lagt til að gerðar verði breytingar á frumvarpinu í meðförum Alþingis. Þær eru þessar:

I

Gagnrýnt hefur verið að gert er ráð fyrir mismunandi vægi atkvæða eftir því um hvað er verið að greiða atkvæði. Það geti jafnvel valdið misskilningi hjá þeim sem eftir lögunum eiga að fara. Hér verður fallist á að taka megi tillit til þessarar gagnrýni, enda verði það til þess að í heild verði kröfurnar um þátttöku í atkvæðagreiðslu strangari. Breytingar mætti því gera á

1. gr. (5. gr.) þar sem fram kemur að "nema hann sé felldur við leynilega atkvæðagreiðslu með meiri hluta greiddra atkvæða og minnst fimmtungi atkvæða samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá....."

4. gr. (15. gr.) þar sem stendur "Þarf þá helmingur atkvæðisbærra að taka þátt í atkvæðagreiðslu og meirihluti að styðja tillögu um vinnustöðvun".

4. gr. (15. gr.) þar sem stendur ".....a.m.k. fimmtungur atkvæðisbærra félagsmanna samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá og að tillagan hafi notið stuðnings meirihluta atkvæða."

6. gr. (31. gr.) Miðlunartillaga telst felld í atkvæðagreiðslu ef meiri hluti greiddra atkvæða, og þá minnst þriðjungur atkvæða samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá, er mótaskvæði.

Í öllum þessum tilvikum mætti fella inn breytingu sem efnislega sé á þá leið að meirihluti atkvæða ráði, enda sé þáttaka í atkvæðagreiðslu 50% eða meira af félagsmönnum samkvæmt atkvæða- eða félagaskrá."

II

4. gr. (15. gr.) Síðasta málsgreinin hljóði svo: " Samninganefnd eða til þess bærum fyrirvarsmönnum samningaðila er jafnan heimilt að aflýsa boðaðri vinnustöðvun. Sáttasemjara er heimilt, með samþykki samningsaðila, að fresta boðuðu verkfalli einu sinni eða oftar í allt að 14 daga, enda metur hann það svo að það geti orðið til þess að greiða fyrir gerð kjarasamninga."

Með þessari breytingu er ekki verið að hverfa til upprunalegra tillagna okkar. Þess í stað er reynt að koma á sjálfsögðu jafnvægi, að samningsaðilar verði sammála um að fresta verkfalli. Þetta er nauðsynlegt vegna þess að frestun verkfalls getur í mörgum tilfellum orðið vinnuveitanda dýrari kostur en verkfall. Það á við þegar búið er að gera ráðstafanir til þess að mæta verkfalli, meðal annars með því að losa sig við verkefni. Eins og greinin er orðuð er mögulegt að með síendurtekinni frestun verði hægt að vera með starfsfólkið verkefnalaust á launaskrá í allt að 14 daga, áður en kemur til verkfalls.

III

Mjög mikilvægt er að samræma lög um almenna vinnumarkaðinn og lög um opinbera starfsmenn. Það er orðið úrelt að vera með sérstök lög, og sérákvæði í lögum, um einstaka hópa. Þess vegna verður hér lagt til að niður falli í

6. gr. (28. gr.) það sem segir: Atkvæðagreiðsla samningsaðila á almennum vinnumarkaði og þeirra sem lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna taka til um sameiginlega miðlunartillögu skal fara fram með aðgreindum hætti. Niðurstaða hjá hvorum hópnum fyrir sig, óháð niðurstöðu hins, ræður úrslitum um samþykkt eða synjun.

Það er ekki er tekið á

Fjölmörg atriði sem við töldum ástæðu til að ræða í starfshópnum um samskiptareglur komu aldrei til umræðu og sér þeirra því ekki stað í frumvarpinu. Meðal þeirra eru þessi:

1. Um að takmarka tjón þriðja aðila í verkfalli.
2. Um gildi lögbundinna starfsheita þegar til verkfalls kemur
3. Á utanaðkomandi aðilum að vera heimilt að skipta sér af vinnustöðvun, t.d. með samúðarvinnustöðvun og með fjárgjöfum, meðal annars erlendis frá?
4. Skýrari reglur vantar um hverjir megi ganga í störf verkfallsmanna.

Það er skoðun okkar að á þessum málum þurfi að taka innan tíðar, en hér verður ekki gerð nein tillaga um þar um.

Lokaorð

Eins og fram hefur komið hér að framan er líklegast að árangur byggist á þeim aðferðum sem beitt er. Sá árangur sem hér er verið að huga að varðar líf skjör í landinu. Frumvarp það sem hér er til meðferðar fjallar um umbúnað um gerð kjarasamninga. Sá umbúnaðar sem frumvarpið gerir ráð fyrir er í meginatriðum í samræmi við lög og reglur í þeim löndum þar sem bestur árangur hefur náðst, þar sem kaupmáttur launa er hvað mestur. Það má því búast við því að þessi umbúnaður skili okkur fram á við umfram aðra kosti sem við gætum valið. Með þessu frumvarpi er verið að feta sig frá starfsaðferðum sem almennt er talið að hafi ekki gefið nógu góða raun, til starfsaðferða sem viðurkennt er að hafi skilað góðum árangri annars staðar í heiminum. Vinnumálasambandið mælir því eindregið með samþykkt frumvarpsins, með þeim breytingum sem lagðar eru til hér að framan.

Reykjavík, 12. apríl 1996

f.h. Vinnumálasambandsins


formaður